

49. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði, 15.12 2017, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá

1. **Landsvirkjun, árlegur samráðsfundur**, fulltrúar LV mæta á fundinn.
2. **Skýrsla oddvita**
3. **Viðauki við fjárhagsáætlun Fljótshrepps 2017**
4. **Fjárhagsáætlanir stofnana og samstarfsverkefna 2018**
 - a) Félagsþjónusta Fljótshéraðs
 - b) Brunavarnir á Austurlandi
 - c) Heilbrigðiseftirlit Austurlands
 - d) Birtingaráætlun 2018
 - e) SvAust ehf
 - f) Endurskoðuð fjárhagsáætlun Minjasafns Austurlands 2018
5. **Fjárhagsáætlun Fljótshrepps 2018**, síðari umræða
6. **Fjárhagsáætlun Fljótshrepps 2019-2021**, síðari umræða
7. **Refaveiðar, samningur við UST o.fl. gögn**
8. **Laugarfellsskáli**, drög að samningi um rekstur
9. **Samningur SvAust ehf og Fljótshrepps**, *aðkoma að rekstri almenningsamgangna*
10. **Umsókn í Uppbyggingarsjóð Austurlands**
11. **Kröflulína 3**

Álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum framkvæmdar 06.12 2017
12. **Bréf**
 - a) EBÍ Brunabót dags. 30.10 2017
 - b) Vegagerðin dags. 03.11 2017
 - c) Lögreglustjórinn á Austurlandi dags 07.11 2017
 - d) Umhverfisstofnun 06.11 2017
13. **Fjárbeiðnir**
 - a) Aflið

- b) Snorraverkefnið 2018
- c) Páll og Hildur, v. göngustígagerðar á Laugarfellssvæðinu

14. Umhverfisstyrkir

- a) Eiríkur og Matthildur , Arnheiðarstöðum
- b) Arna Björg og Steingrímur, Valþjófsstað 1
- c) Gunnar Jónsson, Egilsstöðum

15. Fundargerðir

- a) Félagsmálanefnd 14.11 2017
- b) Brunavarnir á Austurlandi 10.11 2017
- c) Aðalfundargerð HAUST 01.11 2017, ásamt skýrslu stjórnar
- d) Upphéraðsklasi 10.11 2017, mf. Hengifosskannanir 2014-2017
- e) Skólaskrifstofa Austurlands, stjórnarfundur og aðalfundur 06.12 2017
- f) SvAust 06.12 2017
- g) Svæðisskipulagsnefnd SSA 28.11 2017
- h) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 27.11 2017
- i) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 30.11 2017
- j) Minjasafn Austurlands 20.11 2017
- k) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 28.11 2017
- l) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 01.12 2017

16. Önnur mál

1. **Landsvirkjun, árlegur samráðsfundur.** Sindri Óskarsson stöðvarstjóri og Árni Óðinsson mættu á fundinn og sögðu frá helstu framkvæmdum á árinu og hvað fyrirhugað væri á næsta ári. Af framkvæmdum ársins nefndu þeir hrunvarnir í Fremri Kárahnjúk , sandblástur og málun í botnsrás Ufsarlón, grautun við Aðgöng 3 og uppgræðslu á Hraunum. Flóð Jökulsá í haust , seinkaði skolun Ufsarlóns. Þá var rætt um samstarf við Veiðifélag Lagarfljóts, en sleppt hefur verið í Uppsalalandi 65 þús laxaseiðum og einhverjar endurheimtur hafnar. Varðandi lagfæringar og mögulega færslu á sauðfjárvarnargirðingu í landi Þuríðarstaða og Hóls verður girðingin girt upp neðan vegar . Umhirða slóða og vega verður boðið út í vor, sumarvinna fyrirhuguð með svipuðum hætti og verið hefur og unnið að stærra viðhaldi á vélum Fljótsdalsstöðvar. Sl. sumar voru 5 ungmenni úr Fljótsdal í sumarvinnu LV.

Sindra og Arna þökkuð koman og yfirgáfu þeir fundinn kl. 14.15.

2. Skýrsla oddvita

Eftir langa vegferð hefur nú Laugarfellsskáli verið rétt skráður í fasteignaskrá Þjóðskrár.

Sýslumannsembættið hefur bent á að frá apríl 2018 verði eitt af skilyrðum útgáfu skemmtanaleyfis að starfsfólk í dyravörslu hafi lokið námskeiði og hafi gilt dyravarðarskírteini. Að frumkvæði lögreglunnar á Austurlandi mun Austurbrú hafa umsjón með námskeiði til að menn geti aflað sér slíkra réttinda. Húsvörður Végarðs hefur verið skráður á námskeiðið.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga telur tilefni til að gefnar verði út leiðbeiningar um á hvern hátt sveitarfélög geta lagt aukna áherslu á vernd og endurheimt votlendis. Stjórnin hvetur sveitarstjórnir til að kynna sér þau tækifæri sem fælust í því, sem hluta aðgerða til að draga úr losun gróðurhúslofttegunda.

Oddviti sat fund á Skriðuklaustri 8. nóv, um CINE verkefnið, en það er samstarfsverkefni aðila frá Noregi, Íslandi, Írlandi og Skotlandi sem fjallar um stafræna skráningu og miðlun menningararfs. Fljótaldshreppur er aukaaðili að verkefninu, undir aðild Gunnarsstofnunar.

Fræðslufundur um eldvarnir var haldinn í Végarði 21.nóvember. Fyrirhugað er að halda annan fund og boða bændur sérstaklega á hann. Fræðslufundurinn var hluti af innleiðingu Eldvarnarbandalags, á svæði Brunavarna á Austurlandi, í tenglum við verkefnið þarf Fljótaldshreppur að tilnefna eldvarnarfulltrúa.

Ný lög um persónuvernd taka gildi í maí á næsta ári. Lögin munu hafa áhrif á störf sveitarfélaga og þurfa þau að undirbúa sig hvað það varðar.

Heildarkostnaður sveitarfélagsins vegna refa og minkaveiða á árinu var 1,1 millj. kr. Unnin voru 4 refagreni og leitað á öllum leitarsvæðum.

Hjörleifur Guttormsson hefur upplýst oddvita um að hann væri að rita um Fljótald í fyrirhugaðri árbók Ferðafélags Íslands 2018. Hjörleifur hefur einnig sagt frá því að afkomendur Guttorms Vigfússonar væru með hugmyndir um að láta gera við legstein Guttorms sem er í trjágarði á Arnheiðarstöðum (líklega fluttur þangað þegar fyrrum kirkjugarður á Valþjófsstað var aflagður, sem var fyrir aldamót 1900) og stefna að því að lokinni viðgerð verði steininum fundinn viðeigandi staður.

Oddviti var í orlofi fyrstu vikuna í desember og annaðist varaoddviti afleysingu.

3. Viðauki við fjárhagsáætlun Fljótaldshrepps 2017. Tillaga.

Í atvinnumálum hækkar styrkjaliður um kr. 2 millj, vegna Skógarorku og Búnaðarfélags Fljótaldshrepps.

Vegna aukningar á hlutafé Gróðrarstöðvarinnar Barri ehf kr.308 þús.

Í sameiginlegum kostnaði, kostnaður kaupa á sérfræðiþjónustu (lögmaður) kr. 2,3 millj. umfram áætlun

Fjármagnsliðir (vaxtatekjur) hækka um 2,9 millj, vegna vaxta af fasteignagjöldum.

Eignasjóður

Kostnaður við viðhald Laugarfellsskála, umfram áætlun er kr, 1,1 millj,- þús

Kostnaður við viðhald og búnaðarkaup í gistihús, umfram áætlun er kr. 1,1 millj.

Fjárfesting

Starfsmannahús Laugarfelli kr. 4 millj, , umfram áætlun

Ljósleiðari , nýlagning eftir flóðaskemmdir og uppfærsla á búnaði kr. 5 millj, umfram áætlun.

Hækkun á kostnaði umfram fjárhagsáætlun er mætt með lækkun á eigin fé.

Viðaukinn borinn upp og samþykktur samhljóða.

- 4. Fjárhagsáætlanir stofnana og samstarfsverkefna 2018**
 - a) Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs.** Framlag Fljótsdalshrepps kr. 1.645.518-. Samþykkt.
 - b) Brunavarnir á Austurlandi.** Hlutur Fljótsdalshrepps kr. 3.576.171- Samþykkt.
 - c) Heilbrigðiseftirlit Austurlands.** Hlutur Fljótsdalshrepps kr. 1.269.711- inni í því eru eftirlits og sýnatökugjöld sem eru endurrukkuð að hluta. Samþykkt.
 - d) Birtingaráætlun 2018.** Hlutur Fljótsdalshrepps kr. 231.250-. Samþykkt.
 - e) SvAust ehf.** Fyrir liggur tillaga um kostnaðarþátttaka þátttökusveitarfélaganna. Hlutur Fljótsdalshrepps kr. 25.488-. Samþykkt.
 - f) Endurskoðuð fjárhagsáætlun Minjasafns Austurlands 2018.** Hlutur Fljótsdalshrepps kr. 791.799-. Samþykkt.
- 5. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2018, síðari umræða.** Fjárhagsáætlunin rædd og samþykkt samhljóða.

Helsta fjárfesting er bygging skemmu/áhaldahúss
- 6. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps 2019-2021, síðari umræða.** Fjárhagsáætlunin rædd og samþykkt.

Áætlanir gera ráð fyrir jákvæðum rekstri öll árin. Fjárhagsleg viðmið sem sveitarfélögum eru sett þ.e. varðandi jafnvægisreglu og skuldareglu eru uppfyllt.
- 7. Refaveiðar, samningur við UST o.fl. gögn.** Oddviti hefur undirritað samning við UST fyrir árin 2017-2019
- 8. Laugarfellsskáli,** lögð fram drög að samningi um rekstur. Oddvita falið að ganga frá samningi við Pál og Hildi, á grunni fyrirbyggjandi draga.
- 9. Samningur SvAust ehf og Fljótsdalshrepps , aðkoma að rekstri almenningsamgangna.** Samþykkt að fela oddvita að ganga frá samningi um almenningsamgöngur fyrir hönd sveitarfélagsins.

Samþykkt að taka á dagskrá bréf dags. 13. des frá Örnun Björg Bjarnadóttur, Steingrími Karlssyni, Gunnari Gunnarssyni og Ann-Marie Schultz.

10. Bréf dagss 13.12. Bréfritarar lýsa yfir áhyggjum af íbúabróun í hreppnum. Leggja þau til að sótt verði um styrk til Uppbyggingarsjóðs Austurlands, til úrvinnslu á gögnum af málþingi um ferðabjónustu sem haldið var sl vor í Végarði og til þess að vinna SVÓT greiningu (styrkleikar-veikleikar-ógnanir-tækifæri) fyrir sveitarfélagið. Þá er farið fram á að hreppurinn styðji við fyrirhugaðan fund sem halda á milli jóla og nýjárs þar sem rætt verður um framtíðina í landbúnaði. Sveitarstjórnin er jákvæð fyrir því sem kemur fram í erindinu.

11. Umsókn í Uppbyggingarsjóð Austurlands. Samþykkt að sækja um.

12. Kröflulína 3

Álit Skipulagsstofnunar á umhverfisáhrifum framkvæmdar 06.12 2017. Kynnt. Fyrir liggur beiðni frá Landsneti um að hitta sveitarstjórn á fundi 09.01.2018, til að kynna álit Skipulagsstofnunar og til að ræða skipulagsmál og undirbúning fyrir umsókn um framkvæmdarleyfi vegna Kröflulínu 3. Samþykkt að fulltrúar Landsnets mæti á fund sveitarstjórnar 9. janúar kl. 13.30.

13. Bréf

- a) EBÍ Brunabót dags. 30.10 2017. Ágóðahlutur Fljótsdalshrepps fyrir 2017 kr. 20.500-
- b) Vegagerðin dags. 03.11 2017. Tilkynning um niðurfellingu Geitagerðisvegar nr.9329-01 af þjóðvegaskrá.
- c) Lögreglustjórinn á Austurlandi dags 07.11 2017. Kynnt. Varðar reglur um dyraverði veitingastaða.
- d) Umhverfisstofnun 06.11 2017. Kynnt. Varðar svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs.

14. Fjárbeiðnir

- a) Aflið. Hafnað.
- b) Snorraverkefnið 2018. Hafnað.
- c) Páll og Hildur, v. göngustígagerðar á Laugarfellssvæðinu. Tekið jákvætt í erindið, en frestað afgreiðslu til næsta fundar.
- d) Samþykkt að taka fyrir beiðni frá Búnaðarfélagi Fljótsdalshrepps um að Fljótsdalshreppur veiti félaginu 1,5 millj kr styrk til kaupa á skítadreifara. Samþykkt að veita styrkinn og viðauki verður gerður við fjárhagáætlun.

15. Umhverfisstyrkir

Samþykkt að bæta við erindi frá Önnu Bryndísi og Hallgrími Þórhallssyni sem barst í dag.

Eiríkur vék af fundi.

- a) Eiríkur og Matthildur, Arnheiðarstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.

Eiríkur koma ftur til fundar.

- b) Arna Björg og Steingrímur, Valþjófsstað 1. Samþykktur hámarksstyrkur.
- c) Gunnar Jónsson, Egilsstöðum. Samþykktur hámarksstyrkur.
- d) Anna Bryndís og Hallgrímur. Samþykktur hámarksstyrkur.

16. Fundargerðir

- a) Félagsmálanefnd 14.11 2017. Kynnt.
- b) Brunavarnir á Austurlandi 10.11 2017. Kynnt.
- c) Aðalfundargerð HAUST 01.11 2017, ásamt skýrslu stjórnar. Kynnt.
- d) Upphéraðsklasi 10.11 2017, mf. Hengifosskannanir 2014-2017. Kynnt.
- e) Skólaskrifstofa Austurlands, stjórnarfundur og aðalfundur 06.12 2017. Kynntar.
- f) SvAust 06.12 2017. Kynnt.
- g) Svæðisskipulagsnefnd SSA 28.11 2017. Kynnt.
- h) Aðalfundur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 27.11 2017. Kynnt.
- i) Héraðsskjalasafn Austfirðinga 30.11 2017. Kynnt.
- j) Minjasafn Austurlands 20.11 2017.
- k) Fjallskilanevnd Fljótsdalshrepps 28.11 2017. Kynnt. Til umfjöllunar var hversu illa gengur að ná fé af fjalli og var fjárbændum sent bréf í framhaldi af fundinum, þar sem þeir eru hvattir til að bregðast við og smala því fé heim sem enn er á útigangi.
- l) Byggingar-og skipulagsnefnd Fljótsdalshrepps 01.12 2017. Kynnt. Liður 1. Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti að veita stöðuleyfi fyrir stöðuhýsi á Víðivöllum ytri 1 , til eins árs. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

17. Önnur mál.

- a) Samþykkt að tilnefna Hörð Guðmundsson sem eldvarnarfulltrúa
- b) Oddviti bar upp tillögu um að Fljótsdalshreppur styrki björgunarsveitir á Héraði um 100 þús kr. hvora sveit. Björgunarsveitin Jökull kom í haust til aðstoðar við bændur að bjarga fé í vatnsflóði á Valþjófsstaða og Klausturnesi. Samþykkt.
- c) Samþykkt að næsti fundur sveitarstjórnar verði annan þriðjudag í janúar þ.e. 9 . janúar , en ekki fyrsta þriðjudag , eins og fundartilhögun sveitarstjórnar segir til um.
- d) Hreindýraarðsskrá jarða í Fljótsdalshreppi skoðuð, heildararður árið 2017 er kr. 12.607.500,-

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19.25

Fundargerð er rituð í tölvu af Þorvarði

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)